

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2016

-Haldinn í S.Í. Faxafeni 12, Reykjavík 7.maí 2016 kl. 10.00-13:00

1.Forseti setur fundinn. Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Ágústi Sindra Karlssyni sem fundarstjóra og Áskeli Erni Kárasyni til vara. Forseti lagði jafnframt til að Róbert Lagerman verði fundarritari og Ingibjörg Edda Birgisdóttir til vara. Báðar tillögur samþykktar samhljóma. Í kjölfarið kannaði nýkjörinn fundarstjóri lögætti fundarins og lýsti hann löglegan.

2.Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar. Fundargerð síðasta aðalfundar rituð af Kjartani Maack lá fyrir fundinum. Fundargerðin samþykkt samhljóma.

3.Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn. Ólafur H. Ólafsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn. Alls sendu níu aðildarfélag S.Í. kjörbréf:

Aðildarfélag	Fulltrúar	Félagsmenn	Lið í Í.S.	Mættir
Skákfélagið Huginn	8	376	7	6
Taflfélag Garðabæjar	4	155	3	4
Skákfélag Akureyrar	4	88	3	2
Skákdeild Fjölnis	5	91	4	2
Skákfélag Íslands	2	44	1	2
Víkingaklúbburinn	4	58	3	3
Skákdeild Hauka	2	102	1	1
Vinaskákfélagið	3	81	2	2
Taflfélag Reykjavíkur	8	396	7	3

Alls voru 25 fulltrúar mættir á fundinum sem höfðu atkvæðisrétt. Kjörbréf samþykkt samhljóma

1.Forseti flytur skýrslu stjórnar. Forseti S.Í., Gunnar Björnsson, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í starfssemi S.Í. á liðnu starfsári. **Evrópumót Landsliða 2015** í Laugardalshöll bar þar hæst. Mótið þótti takast framúrskarandi vel, og er þá vitnað í frábærar umsagnir um mótið bæði innanlands og á alþjóða vettvangi. Kringum 600 manns komu að mótinu með einum eða öðrum þætti, allt frá keppendum til sjálfboðaliða og allt þar á milli. Mótið hlaut annað sætið í kosningu um bestu opinberu skákviðburði í heiminum. Hinn stóri viðburðurinn var **GAMMA Reykjavíkurskák mótið 2016**, haldið í Hörpu. Mótið hlaut þriðja sætið í kosningu um bestu alþjóðlegu opnu mótin í heiminum, árið á undan. **Skák eflir skóla** verkefnið hefur farið vel af stað undir handleiðslu Stefáns Bergssonar. Einn **Norðurlandameistaratiill** kom í hús hjá Óskari Víkingi Davíðssyni. **Saga Reykjavíkurmótanna** var rituð af Helga Ólafssyni, og þóttist takast mjög vel til.

Verkefnið stóð undir sér fjárhagslega. Mikið álag var á liðnu starfsári, en óneitanlega var álagið mest í kringum EM2015. Fundarstjóri leggur til umræðu um störf stjórnar verði rædd nánar undir lið 6, eins og venja er.

2.Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs. Gunnar Björnsson gerði grein fyrir reikningum í fjarveru gjaldkera. Þar ber hæst að hagnaður S.Í. á starfsárinu er kr. 700.000. EM2015 kom út á sléttu fjárhagslega.

3.Umræður um störf stjórnar og afgreiðsla reikninga. Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Fyrstur til máls tók Jóhann Ragnarsson, hann hrósar framkvæmd EM2015 í hástert. Hann gagnrýnir tilkynningar um úrslit áskorendaflokksins. Spyr einnig út í Landsliðsnefnd og hver sé formaður hennar. Að lokum hrósar hann sögu Reykjavíkurmótanna. Steinþór Baldursson hrósar forseta og stjórn fyrir frábæra umgjörð á EM2015. Helgi Ólafsson tekur til máls og talar um afreksstefnu S.Í. almennt, og leggur áherslu á að S.Í. haldi stórt alþjóðlegt barna- og unglingsgaskákmót í náninni framtíð. Hrannar B. Arnarson spyr út í Heiðursmerki S.Í. og óskar stjórn til hamingju með farsælt starfsár. Gunnar Björnsson tekur til máls. Hann talar um mikilvægi rétttra aðferða við afreksstefnuna, nefnir einnig að Pálmi Pétursson sé formaður Landsliðsnefndar. Ekki kvöddu fleiri sér til hljóðs. Að lokum eru reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna.

4.Inntaka nýrra félaga. Gunnar Björnsson steig í pontu og kynnti beiðni Hróks alls fagnaðar um inngöngu í S.Í. og var það samþykkt með lófaklappi.

5.Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, almennar umræður og afgreiðsla. Gunnar Björnsson kynnti fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Páll Sigurðsson steig í pontu og lýsti ánægju sinni með að send yrði sveit á Ólympíumót undir 16 ára. Fjárhagsáætlunin borinn undir fundinn til samþykktar. Fjárhagsáætlun samþykkt með þorra atkvæða fundarmanna.

6.Kosning stjórnar og varastjórnar. Helgi Árnason stingur upp á Gunnar Björnssyni til áframhaldandi setu í forsetastóli S.Í. Fundarmenn samþykkja með hressilegu lófaklappi. Gunnar Björnsson nýkjörinn forseti stígur í pontu og þakkar stuðninginn við sig. Hann gerði tillögu að nýrri stjórn: Kjartan Maack, Stefán Bergsson, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Róbert Lagerman, Steinþór Baldursson og Björn Ívar Karlsson. Þessi tillaga forsetans var samþykkt með góðu lófaklappi. Gunnar kemur einnig með tillögu að nýrri varastjórn í þessari röð: 1.Óskar Long Einarsson 2. Omar Salama 3. Donika Kolica og 4. Hjörvar Steinn Grétarsson. Fundarmenn klappa fyrir nýrri varastjórn.

7.Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara. Gunnar nýkjörinn forseti stingur upp á þeim Árna Birni Jónssyni, Þráni Vigfússyni sem aðalmenn og Hlíðari Þór Hreinssyni til vara, tillagan samþykkt samhljóma.

8.Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara. Tillaga Gunnars Björnssonar um Ólaf H. Ólafsson, Kristján Örn Elíasson og Harald Baldursson sem aðalmenn og Magnús Matthíasson, Árna Á. Árnason og Georg Pál Skúlason til vara, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9.Kosnir 3 menn í dómstól Skáksambands Íslands og þrír til vara. Tillaga Gunnars forseta, um Halldór B. Halldórsson, Braga Halldórsson og Ólaf H. Ólafsson sem aðalmenn og til vara Björgvin Jónsson, Hlíðar Þór Hreinsson og Andra Hrólfsson samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

10. Umræður um breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins. Fyrst er tekin fyrir **Breytingartillaga á 9. grein laga.** Gunnar Björnsson flutningsmaður tillögunnar talar fyrir tillögunni. Páll Sigurðsson fagnar þessari tillögu. Stefán Bergsson tekur undir tillöguna og bendir á að stelpur vilji vera í sér flokki. Jóhann Ragnarsson fagnar einnig tillögu Gunnars. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Næst er tekin fyrir **Breytingartillaga á 19. grein laga.** Kristján Örn Elíasson aðalflutningsmaður tillögunnar tekur til máls um ágæti tillögunnar. Kjartan Maack tekur til máls og bendir á löfræðilega túlkun á breytingartillögunni. Jóhann Ragnarssonar tekur undir málflutning Kjartans Maack. Áskell Örn Kárason stígur í pontu og bendir á að aðalfundurinn sé farinn að taka á sig gamalkunna mynd, við mikinn hlátur fundarmanna. Kristján Örn leggur áherslu að gera hreingerningu á 19. greininni. Páll Sigurðsson tekur til máls og undirbýr breytingartillögu að tillögu Kristjáns aðalflutningsmanns tillögunnar. Ágúst Sindri fundarstjóri gerir 5 mínútna fundarhlé til að gefa Páli Sigurðssyni svigrúm með breytingartillöguna sína. Breytingartillaga Páls er þess efnis að út falli klausan sem er í sviganum á eftirfarandi setningu í 19. Grein laga. „Tilkynning skákmanns (skv. 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins) skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts Skákfélaga ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því“ Tillagan borin upp og samþykkt samhljóma. Tillaga Kristjáns um að 20 daga fresturinn falli út úr lagagreininni borin upp til atkvæðagreiðslu. Tillagan felld með 15 á móti, 10 með. Að lokum er tekin fyrir **Breytingartillaga á 20. Grein laga.** Kristján Örn Elíasson aðalflutningsmaður tillögunnar tekur til máls. Hann færir rök fyrir tillögunni. Vitnar meðal annars til Hróksmanna, hvernig þeir gerðu Íslandsmót skákfélaga mun áhugaverðari með fjölda útlendinga innanborðs. Stefán Bergsson kemur í pontu, og segir m.a. frá því að hann hafi breytt skoðun sinni gagnvart fjölda útlendinga á Í.S. Telur að fleiri útlendingar styrki keppnina, og um leið gefi minni taflfélögum meira svigrúm að efla sitt starf. Einnig mun fjölgun útlendinga auka fjölbreytilega Í.S. Páll Sigurðsson segir að upphaflega hafi takmörkun útlendinga á Í.S. verið sett til höfuðs Skákféaginu Hróknum, svo að taflfélög gætu ekki verslað sér Íslandsmeistaratitilinn. Jóhann Ragnarsson talar gegn tillögunni, en er að sníða breytingartillögu að tillögu Kristjáns þar sem útlendingar eru leyfðir til helminga við íslenska keppendur. Áskell Örn Kárason kemur í pontu, og segist vera eiginlega á báðum áttum með ágæti tillögunnar, hann fjallar vítt og breitt um tillöguna. Róbert Lagerman talar einnig fyrir ágæti tillögu Kristjáns og biður fundarmenn þegar gengið er til kosninga að láta ekki félagapólitík hafa áhrif á sitt atkvæði, og kjósa eftir sinni sannfæringu. Þorsteinn Þorsteinsson flytur sitt mál gegn tillögunni. Kristján Örn talar um hreinsun á lagagreininni sé löngu orðin tímabær. Ágúst Sindri leggur til að málið verði vísað til nýrrar stjórnar og biður fundarmenn um að kjósa um þá tillögu sína, hún er felld með 16 atkvæðum gegn 7. Tillaga Kristjáns Arnar borin upp til atkvæðagreiðslu, hún er felld 10 með og 15 á móti. Að lokum er breytingartillaga Jóhanns Ragnarssonar, þess efnis að 50/50 reglan verði tekin upp að nýju, þ.e. fjöldi útlendinga er takmarkaður við helming í hverju keppnisliði. Tillagan borin upp til atkvæða, hún er samþykkt 16 með og 8 á móti. Að öðru leyti er vísað til fylgiskjala með lagabreytingartillögum.

11. Önnur mál. Jóhann Ragnarsson kveður sér hljóðs um sérsamninga við íslenska stórmeistara. Fundarstjóri ákveður að gera matarhlé. Eftir matarhlé stígur **Páll Sigurðsson** í pontu, hann kemur inn á frétttaflutning skak.is frá síðasta áskorendaflokki. Þar útskýrir Páll tie-break út frá Fide og Swiss-manager forritinu. **Helgi Ólafsson** kveður sér hljóðs um aukna „skákstjórávæðingu“ og útgjöld vegna skákdómara. **Hörður Jónasson** kemur í pontu og talar um að skákmót séu sett of þétt saman, sem leitt hafi til þess að fella hafi þurft skákmót niður. Hann leggur til meiri dreifingar í skákmótaalmanakinu. Telur einnig að áskorendaflokkur ætti að vera samhlíða

Landsliðsflokknum. **Helgi Árnason** kveður sér hljóðs og bendir á að Rimaskóli hafi verið úthlutað dágóðri upphæð úr sprotasjóði, og kallar eftir hugmyndum um samstarf þegar styrkurinn verði virkjaður. **Erlingur Þorsteinsson** tekur til máls, þakkar S.Í. fyrir flott starfsár. Óskar eftir að Ísland haldi World cup. Hann leggur einnig til að Sæmundur Pálsson verði sæmdur heiðursmerki S.Í. Hann biður fundarmenn að standa upp og klappa hressilega fyrir Birnu veitingastjóra sem var með glæsilegar veitingar í matarhléinu. **Gunnar Björnsson** nýkjörinn forseti stígur að lokum í pontu. Hann talar um að mikilvægt sé að hafa skriflega samninga við íslenska stórmeistara. Hann talar um Íslandsmótið, Reykjavík open og framtíðina í íslensku skáklífi. Gunnar hlakkar til nýs starfsárs með nýrri stjórn. Gunnar lítur björtum augum til framtíðarinnar. Gunnar þakkar að lokum fundarmönnum fyrir mjög góðan aðalfund.

Fundi slitið kl. 13.00 Róbert Lagerman ritari S.Í.